

179

12. nóv.

6. gr.
Tekjur sjóðsins eru vextir og annar arður af höfuðstólnum, svo og gjafir, er sjóðnum kunna að hlotnast. Skal árlega leggja við höfuðstólinn allar tekjur hans, unz vextir af sjóðnum nema minnst 500 kr. á ári. Þegar svo er komið, má fara að veita styrki úr sjóðnum efnalítlum sjúklingum enda má verja í þessu skyni allt að $\frac{3}{4}$ — þremur fjórðu hlutum — af árlegum tekjum sjóðsins. Mismunurinn leggst við höfuðstólinn hverju sinni. Nú fer ekki fram úthlutun samkvæmt því, sem nú var greint allt að fimm árum samfleytt, og má þá verja $\frac{3}{4}$ — þremur fjórðu hlutum — þeirra vaxta er safnað hafa á tímabilinu til styrkveitinga í einu lagi.

7. gr.

Styrkveitingar samkvæmt 3. gr. og 6. gr. hér á undan ákveður stjórn sjóðsins, þó svo að sjúklingar, sem ættaðir eru úr Ásahreppi í Rangárvallasýslu og úr Ísafjarðarkaupstað skulu ganga fyrir öðrum um styrki af fé sjóðsins.

8. gr.

Skipulagsskrá þessi er gerð samkvæmt ofangreindri erfðaskrá gefandans, dags. 28. febrúar 1955, og skal leita staðfestingar forseta Íslands á henni.

Reykjavík, september 1959.

Í stjórn Blindravinafélags Íslands.

Þórsteinn Bjarnason. Helgi Tryggvason, Kristín Jónsdóttir. Þóra Björnsdóttir.

180

29. okt.

F Y R I R M Æ L I

um frystingu á karfa til útflutnings.

Þar til öðruvísi kann að verða ákveðið, skulu eftirfarandi fyrirmæli gilda um vinnslu á óslægðum karfa í frystihúsum.

1. gr.

Þegar skip landa karfa af fjarlægum miðum, skal vinnslu hans og frystingu vera lokið innan þriggja sólarhringa (72 klst.) frá því að löndun hefst.

2. gr.

Um karfa, sem veiddur er á heimamiðum og er orðinn 6 daga gamall, skulu gilda sömu tímatakmörk og segir í 1. gr. Vinnslu karfa af heimamiðum, sem nýrri er en 6 daga skal lokið innan fjögurra sólarhringa (96 klst.) frá því að löndun hefst.

3. gr.

Fyrirmæli þessi varða einungis tímatakmörk, en raska í engu gæðamati á karfanum til vinnslu.

4. gr.

Brot gegn fyrirmælum þessum varða sektum allt að kr. 50000.00.

Fyrirmæli þessi eru sett samkvæmt heimild í 16. gr. laga nr. 46 5. apríl 1948 um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 29. október 1959.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.